



Borgarráð

Reykjavík, 31. mars 2025

MSS24090075

### **Frestun á flutningi endamarks Reykjavíkumaraþonsins**

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagða beiðni Íþróttabandalags Reykjavíkur, dags. 28. febrúar 2025, þess efnis að fresta færslu á endamörkum Reykjavíkumaraþons um eitt ár, þ.e. til ágúst 2026.


#### *Greinargerð:*

Á fundi borgarráðs þann 19. desember síðastliðinn voru samþykktar tillögur starfshóps um endurskoðun á skipulagi Menningarnætur og Reykjavíkumaraþons um breytingar á hlaupaleiðum Reykjavíkumaraþons og dagskrá Menningarnætur 2025. Meðal samþykktra breytinga var færsla á endamarki maraþonsins frá Lækjargötu að Geirsgötu til að auka öryggi gangandi vegfarenda í miðborginni. Íþróttabandalag Reykjavíkur hefur óskað eftir því að sú breyting taki gildi á næsta ári, þ.e. í ágúst 2026, svo að betri tími gefist til að undirbúa breytinguna. Aðrar breytingar sem starfshópurinn lagði til, svo sem flutningur á skemmtiskokki úr Þingholtunum í Gamla Vesturbæinn og að kvölddagskrá ljúki klukkan 22:00 í stað 23:00, munu engu að síður taka gildi nú í ár.

Heiða Björg Hilmisdóttir  
borgarstjóri

Hjálagt: Bréf Íþróttabandalags Reykjavíkur, dags. 28. febrúar 2025, vegna endamarks í Reykjavíkumaraþoni.

Borgarráð



ÍÞRÓTTABANDALAG  
REYKJAVÍKUR

Reykjavík 28. febrúar 2025

**Efni: Endamark í Reykjavíkummarþoni.**

Borgarráð samþykkti þann 19. desember s.l. tillögur borgarstjóra að breytingum á skipulagi Menningarnætur og Reykjavíkummarþons. Íþróttabandalag Reykjavíkur, framkvæmdaraðili Reykjavíkummarþons, óskar hér með eftir að frestur verði veittur til eins árs varðandi þann þátt samþykktarinnar er lýtur að endamarki hlaupsins.

Það var ítrekað bent á það af hálfu ÍBR á fundum vinnuhóps að við þyrftum aðlögunartíma til að bregðast við svona stórrri breytingu. Fyrirvarinn er innan við ár og sjáum við ekki fram á að geta komið öllum þeim breytingum sem lagt er upp með innan þess tímaramma sem okkur er gefinn. Svo viðamikil breyting kostar mikla vinnu og undirbúning.

Má þar nefna kostnað við að láta mæla brautirnar uppá nýtt sem er a.m.k. 700.000 krónur. Lagt var í þennan kostnað í fyrra og undir venjulegum kringumstæðum er þetta gert á 3ja ára fresti. Einungis er einn aðili hér á landi sem hefur réttindi til að framkvæma þessar mælingar og gera viðeigandi skýrslur til samþykktar á alþjóðlegum stöðlum til að hlaupið sé „löglegt“. Þessi vinna tekur 2 – 3 mánuði því einungis er hægt að mæla brautir undir vissum veðurskilyrðum. Teikna þarf upp lokanir miðað við breytingar á leiðum og skipuleggja staðsetningu starfsmanna á nýjum stöðum.

Teikna þarf upp á nýtt endamarkið og fara í vinnu með verkfræðistofu að reikna flæði, gera nýja öryggishandbók og staðsetja sjúkratjald og móttöku hlaupara í samvinnu við slökkvilið og spítala með neyðarleið sjúkrabifreiða í huga. Þar sem ekki er auðvelt fyrir fólk að koma og fylgjast með þátttakendum koma í mark við Geirsgötu þarf að huga að hvernig það verður best leyst t.d. hvort að setja eigi upp áhorfendapalla við endamarkið sem áhorfendur myndu þá raða sér í því engin halli eða brekka er til staðar.

Á bak við núverandi fyrirkomulag liggur margra ára vinna og lærdómur af reynslu í gegnum lausnir á allskonar vandamálum. Ljóst er að ræða þarf við fjölmarga aðila til að útfæra nýjar lausnir og það kallar á mikil fundahöld og yfirlegu ef takast á vel til.

Í samræmi við samþykkt borgarráðs mun ÍBR á árinu 2025 gera breytingar á hlaupaleiðum þannig að ekki verði lengur hlaupið í Þingholtunum í en óskar eftir að endamark í Lækjargötu fái að vera í eitt ár til viðbótar. Í samráði við lögreglu verði fundnar leiðir til að tryggja öryggi gangandi vegfarenda á svæðinu eftir að hlaupi líkur með aukinni gæslu, betri lokunum og að stórir flutningabílar verði ekki á ferðinni. Vinna er hafin við undirbúning flutnings endamarks í Geirsgötu en við sjáum ekki fram á að geta lokið þeirri vinnu fyrr en árið 2026. Hlaupið hefur verið með endamark í Lækjargötu í áratugi og vonandi er hægt að koma því svo fyrir að hægt sé að gera það einu sinni enn.

Virðingarfyllt,  
f.h. Íþróttabandalags Reykjavíkur

  
Hrefna Hlín Sveinbjörnsdóttir  
Viðburðarstjóri

  
Frimann Ari Ferdinandsson  
Framkvæmdastjóri